

Alþingi
Erindi nr. P 139/2712
komudagur 24.S. 2011

Reykjavík, 22. maí 2010

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgarrétt, nr. 100 23. frá desember 1952, með síðari breytingum.
Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011. Þingskjal nr. 1307 – 755. mál.

Til Alsherjarnefndar Alþingis.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar fjallaði, á fundi 19. maí 2011, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100, 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Fjölmeningarráð telur að þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi séu eðlilegar og til bóta. Ráðið gerir þó eftirfarandi athugasemdir.

1. gr., a-liður

Eðlilegt er að taka fram að umsækjandi sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli þess að vera í hjúskap með íslenskum ríkisborgara skuli vera í samvistum við maka sinn.

Á sama tíma og breyting er gerð á þessum lögum um ríkisborgararétt er hins vegar brýnt að styrkja löggjöf um landvistarleyfi með þeim hætti að fornarlömb andlegs og líkamlegs ofbeldis í hjónabandi og börn þeirra eigi skýran rétt á að dvelja áfram hér á landi þótt þau slíti samvistum áður en sótt um ríkisborgararétt. Einnig má benda á að staða umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt í hjúskap með íslenskum ríkisborgara er hugsanlega óljós slíti hjónin samvistum eftir að sótt er um ríkisborgararétt en áður en umsóknin er afgreidd.

2. gr.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er bent á að frá setningu ákvæðis sem veitti heimild til að veita ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en 50.000 kr. hafi margar sektarrefsingar hækkað. Óeðlilegt sé að þeir sem hafa fengið mjög lága sekt (t.d. 5.000 kr.) þurfi að bíða áður en umsóknin verður afgreidd.


Uppsetning töflunnar í 2. gr. er mjög skýr en það að vera með fastar upphæðir í töflunni getur þýtt að uppfæra þurfi ákvæðið reglulega, t.d. mætti reikna með að refsing sem varðar 1.000.000 kr. sekt árið 2011 sé vegna brots sem er mun alvarlegra en brot sem varðar sekt að sömu fjárhæð árið 2021.

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar gerir engar frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Að lokum viljum við í Fjölmenningarráði Reykjavíkurborgar þakka Alsherjarnefnd Alþingis innilega fyrir að leita eftir okkar áliti á þessu máli.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar

A large, stylized handwritten signature in black ink, consisting of several sweeping, connected strokes that form a distinctive shape.

Raúl Sáenz, formaður

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Netfang: fjolmenningarrad@reykjavik.is